

Samþykktir og úthlutunarreglur fyrir Atvinnu- og rannsóknasjóð Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. gr.

Atvinnu- og rannsóknasjóður er sjálfstæður sjóður í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

2. gr.

Umsjón sjóðsins er í höndum atvinnumálanefndar sem fjallar um umsóknir og gerir tillögur að úthlutun úr honum. Áður en til úthlutunar kemur skal atvinnumálanefnd hafa aflað faglegs álits á umsóknum.

3. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að efla byggð og atvinnu í sveitarfélaginu.

4. gr.

Sjóðnum er ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun í sveitarfélaginu. Þeir sem lögheimili hafa eða reka atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu hafa alla jafnan forgang að úthlutun.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu almennt ekki vera hærri en sem nemur 75% af útlögðum kostnaði og að hámarki 50% af heildarkostnaði.

6. gr.

- Forsenda styrkúthlutunar er að umsækjendur leggi fram kostnaðar- og verkáætlun með umsókn. Þá skal vinna framvinduskýrslu og/eða lokaskýrslu vegna verksins.
- Almennt skal miða við að styrkir séu greiddir út samkvæmt framvindu verksins. Þó er heimilt að greiða þriðjung væntanlegs styrks við upphaf verksins, næsta þriðjung í samræmi við framvindu og síðasta þriðjung við verklok þegar fyrir liggur lokaskýrsla og/eða kvittanir fyrir útlögðum kostnaði.
- Breytist forsendur verksins verulega á styrktíma er hægt að slíta samstarfi við þann sem nýtur styrks og fella niður þær greiðslur sem ekki hafa verið inntar af hendi.
- Verði styrkþegi uppvís að röngum upplýsingum og/eða að ekki hafi verið unnið samkvæmt áætlunum er heimilt að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins verða 20 milljónir króna sem koma af söluandvirði Nesjaskóla. Leitað verður leiða til að efla sjóðinn enn frekar svo sem með framlögum frá fyrirtækjum, sjóðum, stofnunum, ríkinu og sveitarfélagi.

8. gr.

Varsla og ávöxtun á eignum sjóðsins skal fela í sér trausta fjárvörslu og viðurkenndar ávöxtunarleiðir.

9. gr.

Við úthlutun úr sjóðnum skal aldrei veitt meira fé ár hvert en sem nemur 20% af heildareign sjóðsins hverju sinni.

10. gr.

Einfaldur meirihluti atvinnumálanefndar ræður ákvörðunum ef úthlutunum er lokið með atkvæðagreiðslu.

11. gr.

Um hæfi nefndarmanna við umfjöllun og afgreiðslu á úthlutunum úr sjóðnum ber að fara eftir sveitarstjórnarlögum.

12. gr.

Sjóðurinn skal hefja starfsemi 1. febrúar 2009. Starfslok hans skulu ákvörðuð af sveitarstjórn en endurskoðun á samþykktum og starfsemi skal fara fram að loknum 5 ára starfstíma. Í ljósi þeirrar endurskoðunar skal taka ákvörðun um framhald starfseminnar.

13. gr.

Verði sú ákvörðun tekin af sveitarstjórn að hætta starfsemi sjóðsins skulu eignir hans renna í sveitarsjóð.

Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar, 1. desember 2008.

Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar, 4. desember 2008